

### Starfsmenn FA – hæfnigreiningar og námskrár

Breytingar hafa orðið á starfsmannahóp FA en tveir nýir starfsmenn eru komnir til starfa, Gunnhildur Sveinsdóttir og Lilja Rós Óskarsdóttir. Gunnhildur mun sinna verkefnum í tengslum við hæfnigreiningar og námskrár ásamt Höllu og Guðmundu. Lilja Rós hefur verið að sinna endurskoðun á hæfnigrunni FA og öðrum verkefnum í tengslum við hæfnigreiningar. Arnheiður Gígja og Valdís munu áfram koma að verkefnum í tengslum við hæfnigreiningar.

### Þróun hæfnigreininga

Ferlið við hæfnigreiningu starfa er fullmótað þó svo að áframhaldandi þróun sé alltaf í gangi. Markmiðið er að gera gögn, sem unnið er með við hæfnigreiningar, aðgengilegri og bæta greiningaraðferðina sjálfa í takt við áskoranir sem koma með nýjum verkefnum. Ný útgáfa af spjöldum kemur út í maí.

### Hæfnigreiningar

Í hæfnigrunni FA eru nú 25 starfaprófilar, af þeim hafa 15 verið birtir á vef FA. Hjá FA verða tvær hæfnigreiningar framkvæmdar í maí og fyrir liggur að 4 verða gerðar í haust. Nokkrir fræðsluaðilar eru með hæfnigreiningar á áætlun í haust og minnum við því á að beiðni um aðgang að hæfnigrunni FA má nálgast á vef FA, <http://frae.is/haefnigreiningar/>. Mikilvægt er að vera tímanlega með skil á beiðnum til FA. Á vef FA er einnig að finna gögn fyrir umsjónarmenn greininga.

### Þróun námskráa


Þróun námskráa sem byggja á starfaprófil er í fullum gangi. Nú bíða tvær námskrár, sem byggja á starfaprófil, vottunar hjá Menntamálastofnun og tvær eru í vinnslu og fara í vottun fyrir sumarfrí. Námskrárnar eru unnar samkvæmt því ferli sem var kynnt í heimsóknum til allra fræðsluaðila á síðasta ári.

### Vottun námskráa


Fimm námskrár fengu vottun í mars á þessu ári og þær hafa allar verið birtar á vef FA. Þetta eru námskrárnar:

- Fræðsla í formi og lit
- Menntastoðir
- Íslensk menning og samfélag – áður Landnemaskóli og Landnemaskóli II
- Skrifstofuskólinn
- Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Hjá Menntamálastofnun eru það Þóra Þórðardóttir og Ragnhildur B. Bolladóttir sem sinna vottun námskráa í framhaldsfræðslu en Steingrímur A. Jónsson sinnir verkefnum í tengslum við námskrárgrunninn.



Halla, Guðmunda, Gunnhildur



Lilja, Gígja, Valdís